



Alþingi
Erindi nr. P 138/2871
komudagur 30.6.2010

Alþingi
Allsherjarnefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 28.06.2010
Tilv. 023
HG

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), 658. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til erindis allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. júní 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint mál.

Siglingastofnun mælir með samþykkt frumvarpsins og áréttar sérstaklega að stofnun innanríkisráðuneytis verði tímasett sem fyrst. Stofnunin leggur áherslu á að endurskipulagning samgöngustofnana verði unnin samhliða og í kjölfar sameiningar ráðuneyta og í samræmi við stefnumótun fyrir nýtt ráðuneyti. Sameining ráðuneytanna er í raun forsenda þess að endurskipulagning samgöngustofnana megi takast vel.

Tekið er undir það sjónarmið, sem kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að verkefnið framundan sé að gera þjónustu hins opinbera eins góða og kostur er með sem minnstu fjármagni. Sameining ráðuneyta og stofnana auðveldar samþættingu ýmissar þjónustu og vinnur gegn óskýrri verkaskiptingu og tvíverknaði.

Nú vinnur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að endurskipulagningu samgöngustofnana. Í þeirri vinnu er ekki litið út fyrir núverandi mörk ráðuneytisins og stefnan t.d. tekin á að færa saman í eina stofnun vegagerð, leiðsögukerfi á sjó og vöktun skipaumferðar. Sá valkostur sem ráðuneytið tók til skoðunar byggði á hugmyndum sem komnar voru fram fyrir bankahrún, það er að aðskilja skyldi stjórnsýslu frá öðrum verkefnum með því að búa til sérstaka stjórnsýslustofnun og aðra sem sinna skyldi framkvæmdum og rekstri. Þetta er lausn sem kostar aukna fjármuni þar sem báðar stofnanir myndu þurfa að koma sér upp sérfræðingum á flestum sviðum samgöngumála en sérfræðingar eru samnýttir í stjórnsýslu, framkvæmdir og rekstur í dag. Þetta er heldur ekki í samræmi við stefnu sem sett er fram í frumvarpinu um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands um að flytja stjórnsýslu í ríkari mæli inn í ráðuneytin. Þessi aðferð (í raun



uppskipting en ekki sameining) hefur það einnig í för með sér að verkefnum Siglingastofnunar er skipt niður á tvær stofnanir og þannig myndi málaflokkur siglinga veikjast faglega og hætta á að þjónusta við sjófarendur versni því litlar líkur eru á að auknir fjármunir fái til málaflokksins á næstu árum.

Siglingastofnun telur nauðsynlegt að skoða lausnir í viðara samhengi en að framan greinir og samþykkt þessa frumvarps mun gera það mögulegt. Fáar þjóðir í Evrópu hafa yfirtíð yfir stærra hafsvæði en Ísland og afar mikilvægt að við gætum hagsmuna okkar þar og öryggismálum til frambúðar. Benda má á þá miklu áherslu sem Norðmenn leggja á að vera í forystu í siglingamálum á Norður-Atlantshafi en hagsmunir þjóðanna á þessu svæði eru að miklu leyti svipaðir. Nefnd sem samgönguráðherra skipaði þann 29. janúar 2009 um framtíðarskipan stofnana samgöngumála skilaði af sér skýrslu í júní 2009. Að mati nefndarinnar eru margvísleg rök fyrir breyttu stofnanaskipulagi og mælti hún sérstaklega með því að valkostur um Stofnun hafs og stranda yrði skoðaður. Stofnun hafs og stranda yrði til með sameiningu Siglingastofnunar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu en tæki auk þess við verkefnum frá fleiri stofnunum, svo sem mengunarvörnum á sjó frá Umhverfisstofnun. Uppstokkun Stjórnarráðsins skv. frumvarpinu gefur gott tækifæri á að flytja umrædd verkefni milli ráðuneyta. Ríkisendurskoðun hafði komist að hliðstæðri niðurstöðu í stjórnsýsluendurskoðun á Landhelgisgæslu Íslands sem skilað var með skýrslu í febrúar 2001. Í hvorugt skiptið varð þó af því að þessir valkostir væru skoðaðir frekar og líklegasta skýringin á því er að stofnanirnar hafa heyrt undir sitt hvort ráðuneytið, en mikil tregða hefur verið á tilflutningi verkefna milli ráðuneyta. Ávallt hefur þó verið mikil samvinna á milli Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu, sérstaklega þá fjóra áratugi sem stofnanirnar deildu húsnæði að Seljavegi en þá sinntu verk- og tæknifræðingar Vita- og hafnamála oft ýmsum tæknistörfum fyrir Gæsluna og skipstjórnarmenntaðir menn Gæslunnar ýmsum siglingafræðilegum verkefnum fyrir Vita- og hafnamál. Endurskipulagning stjórnarráðsins í samræmi við lagafrumvarp það sem hér er til umræðu mun væntanlega ryðja úr vegi ýmsum þeim hindrunum sem staðið hafi í vegi fyrir faglegri og hagkvæmri skipan á stofnanakerfi ríkisins. Bestur árangur næst með því að vinna hlutina í rétttri röð. Byrja á endurskipulagningu Stjórnarráðsins og síðan endurskoða stofnanaskipulag samhliða og í kjölfarið.

Virðingarfyllt
f.h. Siglingastofnunar Íslands

Hermann Guðjónsson